


Hafsjór tækifæra.




Einar Kristinn Guðfinnsson - Landssamband fiskeldisstöðva
Sjávarútvegsráðstefnan 2017

Heildarmyndin er skýr – meira fiskeldi um allan heim.



Árið 2016 var meira selt af laxi í Bretlandi en þorski.

Staðan við Norður Atlantshaf




Framtíðin: Allar þjóðir sem það geta stunda laxeldi og allar ætla að auka það.
Hvað með Ísland?


Íslenskt fiskeldi



- Stærsti hluti landsins er lokaður fyrir fiskeldi síðan 2004.
- Vestfirðir og hluti Austfjarða auk Eyjafjarðar.
- Suðurströndin hentar ekki af náttúrulegum ástæðum.

- Ströngustu reglur um búnað.
- Umhverfissvottun fyrirtækja.





Framleiðslan næstu árin



Tafla 3 – Áætlanir fiskeldisfyrirtækja um framleiðslu

Tegund/ár	2017	2018	2019	2020
Lax	11.000	24.495	35.520	61.260
Bleikja	4.250	5.980	4.550	4.550
Regnbogasilungur	4.850	400		

Heimild: Landssamband fiskeldisstöðva

Þess ber að geta að ákveðin óvissa er í framangreindri sviðsmynd um áætlanir fiskeldisfyrirtækja. Líklegt verður að telja að þessar áætlanir tefjist þannig að framleiðslan verði nær 60 þús. tonnum árið 2025 frekar en árið 2020. Framboð á seiðum er grunnþáttur varðandi framleiðslu. Aðrir þættir sem skipta máli eru áætlanir varðandi afföll í framleiðslu enda drepast um 15% eldisfiska í kvíum. Einnig gætu áætlanir breyst vegna áhrifa nýútgefins áhættumats erfðablöndunar.

Tafla 4 – Raunhæf sviðsmynd um áætlanir fiskeldisfyrirtækja um framleiðslu í sjókvíum

Tegund/ár	2017	2018	2019	2020
Lax	10.000	15.000	20.000	25.000
Regnbogasilungur	4.850	400		

- Árleg framleiðslugeta í seiðaeldisstöðvum er nú um 5 til 6 milljónir seiða.
- Svarar til um 25 til 30 þúsund tonna framleiðslugetu á laxi.

Hvað er í húfi?

Útflutningsverðmæti 2016 í milljörðum króna

Sjávarafurðir alls:	232
Þar af þorskafurðir	100
Þar af uppsjávarfiskur	48
Loðna	18
Síld	10
Makrill	10
Kolmunni	10
Útflutningsverðmæti eldisfiskur 2016	10
Þar af lax (6 þúsund tonn)	6
Útflutningsverðmæti 30 þ. tn. lax	27

130.000 tonna laxeldi er á við tvöföldun þorskkvótans!

Fiskeldi er komið til að vera!

- Fjárfest hefur verið fyrir tugi milljarða í uppbyggingu fiskeldis í mörgum af brothættustu byggðum landsins.
- Miðað við 130.000 tonna ársframleiðslu:
 - Um 1.700 bein störf við eldið.
 - Um 1.300 afleidd störf.
 - Samtals a.m.k. 3.000 störf.
- Nýsköpunartækifæri í aðföngum, þjónustu, fullvinnslu, tækni ofl.

Fiskeldið mun skapa þúsundum manna afkomu

by Einar Guðfinnsson | sep 17, 2017 | Óflokkað | 0 comments



Tækifæri fyrir ungt fólk!

Um fjögur þúsund íbúar munu hafa afkomu af fiskeldi og afleiddum störfum þegar það verður komið upp í þau 71 þúsund tonn sem áhættumat Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir. Ef burðarþólmatið (130 þúsund tonn) réði þá má áætla að um 7.300 manns hefðu afkomu af þessari starfsemi.

Þetta má ráða af útreikningum Byggðastofnunar, sem vann skýrslu um byggðaleg áhrif fiskeldis og gefin var út 23. ágúst sl.

Flest störfin verða á Vestfjörðum og Austfjörðum



Vegna fiskeldisins snýr unga fólkið aftur til Vestfjarða

by Einar Guðfinnsson | ágú 1, 2017 | Óflokkað | 0 comments



Friðbjörg Matthíasdóttir starfandi bæjarstjóri í Vesturbyggð. „Fiskeldið skapar fjölbreytt störf á sjó og landi, meðal annars fyrir lönmenntað fólk. Það skapar störf fyrir skrifstofufólk og fjölbreytt kvennastörf, sem einmitt skorti mikið. Það skapar líka mörg tækifæri í afleiddum störfum.“

Friðbjörg Matthíasdóttir starfandi bæjarstjóri í Vesturbyggð og Indriði Indriðason sveitarstjóri á Tálknafjöri segja fiskeldi hafa gjörbreytt atvinnulíft svæðisins. Íbúum sé aftur tekið að fjölga. Þetta kemur fram í fréttaskýringu í Morgunblaðinu í dag.

Friðbjörg segir atvinnulífið hafa breyst til batnaðar með tilkomu fiskeldis. Það hafi m.a. vegið upp samdrátt í hefðbundinni fiskvinnslu. Fiskeldið skapar fjölbreytt kvennastörf

Hún segir að vegna fiskeldis hafi margt ungt fólk snúið aftur til Vestfjarða. „Fiskeldið skapar fjölbreytt störf á sjó og landi, meðal annars fyrir lönmenntað fólk. Það skapar störf fyrir skrifstofufólk og fjölbreytt kvennastörf, sem einmitt skorti mikið. Það skapar líka mörg tækifæri í afleiddum störfum.“

„Nú er börnum að fjölga í grunnskólum og leikskólum“

Spurð um þróun atvinnuleysis á svæðinu segir Friðbjörg slíkar tölur ekki segja allt. „Fólkð bara fól“ segir hún. „Nú er börnum að fjölga í grunnskólum og leikskólum.“

Tekjur Vesturbyggðar aukast

Í fréttaskýringunni segir ennfreður:

Friðbjörg segir tekjur Vesturbyggðar hafa aukist með fjölgun íbúa og auknum umsvifum í atvinnulífinu. Hún segir að þótt fasteignaverð hafi hækkað með aukinni eftirspurn sé það enn undir byggingarkostnaði.

Fiskeldi býður upp á fjölbreytt atvinnutækifæri



Ótrúlega fjölbreytt störf unnin í fiskeldi

by Einar Guðfinnsson | apr 10, 2017 | Óflokkað | 0 comments



Viðskiptafræðingar

Bókari

Náms og starfsráðgjafi/mannauðsstjórnun

Matvælafræðingur

Sjávarútvegsfræðingur

Líffræðingur

Fiskeldisfræðingar

Sölu og markaðsfræðingar

Dýralæknir-fisksjúkdómafræðingur

Gæðastjórar

Eldisstjóri-ferskvatns

Eldisstjóri-sjó

Framleiðslustjóri

Lögfræðingar

Hafsjór tækifæranna



1. **Burðarstoð** við hlið sjávarútvegsins – „tvöföldun þorskkvótans“.
2. Mun byggjast upp á svæðum sem hafa verið i byggðalegri vörn.
3. **Fjölbreytt atvinnutækifæri** kvenna jafnt sem karla.
4. Krafa um menntun – *Getum við staðið undir þeim kröfum?*
5. Aukið fiskeldi felur í sér **tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar**.
6. Afleiddu störfin – Hvar verða þau til?
7. **Spurningin** er ekki hvort, heldur hvenær og hve mikið?



Takk fyrir

